

Velferðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. mars. 2021

Meðfylgjandi er umsögn Rauða krossins á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni innflytjenda, nr. 116/2012 (móttaka flóttafólks og innflytjendaráð), 151. löggjafarþing 2020–2021. Þingskjal 771 — 452. mál. Stjórnarfrumvarp.

Virðingarfyllst,
f.h. Rauða krossins á Íslandi



Kristín S. Hjálmtýsdóttir,
framkvæmdastjóri.

UMSÖGN RAUÐA KROSSINS Á ÍSLANDI

um

frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni innflytjenda, nr. 116/2012,

með síðari breytingum (móttaka flóttafólks og innflytjendaráð).

151. löggjafarþing 2020–2021.

Þingskjal 771 — 452. mál. Stjórnarfrumvarp.

Inngangur

Rauði krossinn fagnar frumvarpinu sem mikilvægu skrefi í átt að samræmingu á móttöku flóttafólks sem kemur til landsins í boði stjórnvalda sem kvótaflóttafólk, á eigin vegum sem umsækjendur um alþjóðlega vernd eða gegnum fjölskyldusameiningar. Með samþykkt frumvarpsins mun allt flóttafólk sitja við sama borð. Rauði krossinn lætur sig aðstæður innflytjenda og flóttafólks varða og hefur áratugum saman gætt hagsmuna þeirra. Félagið hefur lengi talað fyrir jöfnu aðgengi og tækifærum alls flóttafólks á Íslandi.

Almennar athugasemdir

Líkt og áður segir telur Rauði krossinn að hér sé stigið skref í rétta átt en leggur jafnframt áherslu á mikilvægi þess að ráðist verði í heildræna stefnumótun til langs tíma sem horfi til allra sviða samfélagsins varðandi gagnkvæma aðlögun flóttafólks, innflytjenda og samfélags. Slík stefna ætti að verða grundvöllur að nokkurra ára framkvæmdaáætlun í senn í málefnum innflytjenda.

Rauði krossinn telur þau áform mjög til bóta að fjölga eigi fulltrúum í Innflytjendaráði með aðila sem fer með heilbrigðismál, sbr. viðbætur í 4. gr. um Innflytjendaráð. Tenging við heilbrigðiskerfið þyrfti að vera í öllum áætlunum varðandi móttöku flóttafólks. Rétt er að nefna að í tillögum nefndar um samræmda móttöku flóttafólks skorti hins vegar þessa tengingu við aðila úr heilbrigðisgeiranum. Rannsóknir Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (*e. WHO*) gefa til kynna að aðgengi flóttafólks að heilbrigðisþjónustu sé skert víða um heim en flóttafólk er viðkvæmur þjóðfélagshópur sem hlúa þarf sérstaklega að.¹ Sé slíkt gert frá upphafi er líklegra að takast megi að hafa jákvæð áhrif á bæði líkamlega og andlega heilsu og vellíðan flóttafólks til langframa auk þess sem kostnaður heilbrigðiskerfisins minnkar fyrir vikið. Heilsa og vellíðan flóttafólks eru því í raun almannahagsmunir.

Í þessu samhengi er rétt að geta þess að íslensk stjórnvöld samþykktu ásamt Rauða krossinum á Íslandi á ríkjaráðstefnu Alþjóðahreyfingar Rauða krossins og Rauða hálfmánans árið 2019 ályktun og um mikilvægi geðheilbrigðis og sálfélagslegs stuðnings við fólk í neyð.² Í

¹ World Health Organization. (2018). Report on the health of refugees and migrants in the WHO European Region: no public health without refugee and migrant health. Sótt af <http://www.euro.who.int/en/publications/abstracts/report-on-the-health-of-refugees-and-migrants-in-the-who-european-region-no-public-health-without-refugee-and-migrant-health-2018>

² <https://rcrconference.org/app/uploads/2019/12/331C-R2-MHPSS- CLEAN ADOPTED en.pdf>

ályktuninni eru leiðbeiningar um árangursríkar aðferðir til stuðnings við andlegt heilbrigði. Grunnur góðrar geðheilsu og seiglu fæst með félagslegum tengslum þar sem sálfélagslegur stuðningur er veittur fólki. Rauði krossinn vinnur að því að byggja þennan grunn í öllum verkefnum sínum með flóttafólki, sem miðar um leið að því að minnka líkur á að fólk þurfi sértækari og kostnaðarsamari stuðning sérfræðinga innan heilbrigðiskerfisins síðar meir.

Sömuleiðis þurfum við sem samfélag að tryggja að þjónustuaðilar á vegum hins opinbera hafi næga kunnáttu og þekkingu til að sinna flóttafólki og innflytjendum á þann hátt sem þarfir þeirra segja til um. (Stórt skref hefur verið stigið með opnun Ráðgjafarstofu fyrir innflytjendur sem leiðbeinir fólki inn í „kerfið“ og ber að fagna því.) Mikilvægt er að þau sem þjónusta fólkið innan „kerfisins“ fái næga fræðslu hvað varðar menningarnæmi, sérþarfir flóttafólks, þörf fyrir túlkun sem og hvaða afleiðingar áföll geta haft á fólk á flótta og hvernig hægt sé að mæta þeim o.s.frv. Þetta þarf að vera skýrt í framkvæmdaáætlun, tryggt að fjármagn fylgi og að fylgt sé eftir. Vil nefna hér sérstaklega aðgengi fólks á öllum aldri að menntun og nauðsynlegum stuðningi.³

Einnig vill félagið koma á framfæri þeirri skoðun að æskilegt væri að Innflytjendaráð sjálft léti meira til sín taka í allri umræðu og vinnu um málefni innflytjenda m.a. með því að kalla saman í upphafi hverrar framkvæmdaráætlunar alla samstarfsaðila sem nefndir eru í áætluninni og gerði grein fyrir samstarfinu næstu árin og að reglulegt samráð og yfirferð um framgang áætlunarinnar verði viðhaft.

Athugasemdir við einstaka greinar

Í 2. kafla, 3. gr. a og b fær Fjölmenningssetur aukið hlutverk og ábyrgð í samræmdri móttöku. Hlutverkið er nokkuð vel skilgreint en Rauði krossinn vill undirstrika mikilvægi þess að samráð við helstu aðila sem koma að málefnum flóttafólks verði bæði formlegt og virkt. Því telur félagið æskilegt að það komi fram hvaða aðila sé átt í síðustu málsgrein 2. gr. a. (3. gr. a.).⁵ Jafnframt þarf að tryggja Fjölmenningssetri nægilegt bolmagn til að sinna væntanlegu lögformlegu hlutverki sem og öðrum þeim aðilum sem koma að móttöku flóttafólks. Sjá fyrir ofan um fulltrúa heilbrigðiskerfis í Innflytjendaráði, 4. gr.

Lokaorð

Fulltrúar Rauða krossins eru tilbúnir til að hitta velferðarnefnd til þess að reifa framangreindar athugasemdir og svara spurningum sé þess óskað.

³ <https://www.raudikrossinn.is/media/skyrslur/The-Access-to-Education-for-Refugees-in-Iceland.pdf>